



Fundargerð
193. fundur skipulagsnefndar haldinn í fjarfundi,
þriðjudaginn 28. maí 2024.

Fundinn sátu:

Jón Hrafn Karlsson, Jóhannes Gissurarson, Guðbrandur Magnússon, Elín Heiða Valsdóttir, Óskar Örn Gunnarsson og Einar Kristján Jónsson.

Fundargerð ritaði: Einar Kristján Jónsson, .

Jón Hrafn, formaður, bauð fundarmenn velkomna og setti fundinn klukkan 14.33. Formaður lagði til að dagskrálið númer 3 yrði bætt inn á dagskrá. Breyting á dagskrá samþykkt.

Almenn mál

1. 2403005 - Teygingalækur-breyting á deiliskipulagi

Tekið fyrir eftir auglýsingu breyting á deiliskipulagi fyrir Teygingalæk. Tillagan var auglýst með athugasemdafresti til 20. maí 2024. Engar athugasemdir bárust frá almenningi en fyrir liggja umsagnir frá Heilbrigðiseftirliti Suðurlands, Umhverfisstofnun RARIK. Umsagnir leiddu ekki til breytinga á tillögunni fyrir utan umsögn UST en gera þarf orðalagsbreytingu á tillögunni þar sem Umhverfisstofnun gerir kröfur um fyrir starfsemi sem deiliskipulagið fjallar um

Skipulagsnefnd leggur til við sveitarstjórn að tillagan fái málsmeðferð skv. 1. mgr. 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

2. 2403010 - Efri Vík -Selhólavegur skilmálabreyting

Tekin fyrir tillaga að breytingu á deiliskipulagi frísundabyggðar í landi Efri-Víkur. Breytingin felur í sér að bætt er við byggingarreit fyrir 250 m² skemmu á lóðinni Selhólavegur 6 (L224466). Breyting var grenndarkynnt með athugasemdafresti til 6. maí 2024. Fyrir liggur umsögn frá Heilbrigðiseftirliti Suðurlands sem gerði engar athugasemdir.

Skipulagsnefnd leggur til við sveitarstjórn að tillagan fái málsmeðferð í samræmi við 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.



3. 2401032 - Ásar 1

Tekið fyrir afgreiðslubríf Skipulagsstofnunar, dagsett 17. maí 2024 ásamt leiðréttum skipulagsgögnum þar sem tekið hefur verið tillit til athugasemda Skipulagsstofnunar, þar sem gerð var betur grein fyrir fjarlægð bygginga frá þjóðvegi og bætt við upplýsingum um fjölda gistirúma.

Skipulagsnefnd leggur til við sveitarstjórn að breytingarnar sem gerðar hafa verið á tillögunni verði samþykktar og skipulagsfulltrúa falin fullnaðarafgreiðsla á deilskipulaginu í samræmi við 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, með fyrirvara að undanþága vegna fjarlægðar frá vegi verði samþykkt af Innviðaráðuneyti.

Fleira ekki gert,
fundi slitið kl. 14:46

Jón Hrafn Karlsson

Jóhannes Gissurarson

Guðbrandur Magnússon

Elín Heiða Valsdóttir